EDDUKVÆÐI

Blómaskeið talið 800-1100



Uppruni

- Orðið e*dda* er notað um skáldkaparfræði (sbr. Snorra-Edda)
- Ekki vitað með vissu hvar kvæðin urðu til
- Sum eiga rætur suður í Evrópu og sækja efni til þjóðflutningatímans og eru því e. k. germanskur arfur
- Önnur hafa mótast hér á landi eftir að Ísland byggðist

Aldur og varðveisla

- Ekki vitað nákvæmlega hve gömul kvæðin eru enda misgömul
- Þau eru varðveitt fyrstu aldirnar í munnmælum
- Þau eru síðan skráð á skinn þegar ritöld hefst á Íslandi

Helsta handrit Eddukvæða

- Handritið sem varðveitir flest eddukvæði heitir Codex Regius eða Konungsbók Eddukvæða
- Talin vera skrifuð um 1270
- Brynjólfur biskup Sveinsson gaf Danakonungi handritið árið 1643
- Danir skiluðu Íslendingum því aftur ásamt Flateyjarbók 1971

Flokkar Eddukvæða

- **Goðakvæði**
- **Segja frá goðum í heiðnum sið, stundum á spaugilegan hátt**
- **Eru aðalheimild okkar um ásatrú**
- **Dæmi: Hávamál**

- **Hetjukvæði**
- **Eru harmþrungin ljóð um persónuleg vandamál hetja frá tímum þjóð-flutninganna miklu**
- **Dæmi: Helgakviða Hundingsbana II**

Efni og form

- Efni eddukvæða er oftast alheiðið en þó er ekki víst að þau hafi endilega öll verið samin á heiðnum tíma
- Form eddukvæða er einfalt og óbrotið
- Stíll eddukvæða er blátt áfram líkt og í mæltu máli
- Skáldamál eddukvæða felst í heitum yfir ýmsa hluti
- Helstu bragarhættir eru: fornyrðislag og ljóðaháttur